



GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi.

1. gr.

Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar og losunar á rotþróum í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2025 skal vera kr. 12.500 kr. og er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, frístundahús eða annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnað. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar skal eigandi fasteignar greiða samkvæmt reikningi beint frá verktaka.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Almennt rotþróargjald skal álagt og innheimt með fasteignasköttum og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem gjaldið er lagt á, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2025.

Jafnframt fellur brott frá sama tíma, gjaldskrá sama efnis nr. 1710/2022.

Samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 27. nóvember 2024.

Kjósarhreppi, 27. Nóvember 2024

Þorbjörg Gísladóttir

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri



B-deild – Útgáfudagur: ?